

REGLUGERÐ

um breytingar á reglugerð nr. 1046/2008 um alþjóðlegt reiki á almennum farsímanetum innan EES-svæðisins.

1. gr.

Innleiðing.

Við 4. gr. reglugerðar nr. 1046/2008 um alþjóðlegt reiki á almennum farsímanetum innan EES-svæðisins bætist önnur málsgrein er skal hljóða svo:

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB), nr. 544/2009 frá 18. júní 2009 um breytingar á reglugerð (EB) nr. 717/2007 um reiki á almennum farsímanetum innan Bandalagsins og á tilskipun 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og þjónustu, merkt fylgiskjal II, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á IX. viðauka EES-samningsins nr. 107/2009 frá 22. október 2009 með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XI. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 35. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 9. febrúar 2010.

Kristján L. Möller.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fylgiskjal II.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 544/2009**

frá 18. júní 2009

um breytingar á reglugerð (EB) nr. 717/2007 um reiki á almennum farsímanetum innan Bandalagsins og á tilskipun 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og þjónustu

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 717/2007 ⁽³⁾ voru sett takmörk, við tímabundnar og óvenjulegar kringumstæður, á gjöld sem rekstraraðilum farsímaneta er heimilt að leggja á, í heildsölu jafnt sem í smásölu, fyrir að veita alþjóðlega reikiþjónustu fyrir símtöl í talsímaþjónustu með upphaf og lúkningu innan Bandalagsins. Í þeirri reglugerð er einnig mælt fyrir um reglur sem miða að því að auka gagnsæi í verðlagningu og bæta upplýsingamiðlun um gjöld til notenda reikiþjónustu innan Bandalagsins.
- 2) Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram endurskoðun skv. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 717/2007 til að meta hvort markmiðum þeirrar reglugerðar hafi verið náð, til að endurskoða þróun heildsölu- og smásölugjalda fyrir að veita reikiviðskiptavinum tal- og gagnafjarskiptaþjónustu, þ.m.t. smáskilaboð og myndskilaboð, og skal, ef við á, setja í hana tilmæli um þörfina á reglum um þessa þjónustu. Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 717/2007 frá 27. júní 2007 um reiki á almennum farsímanetum innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun 2002/21/EB, komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að rétt væri að framlengja gildistíma reglugerðar (EB) nr. 717/2007 fram yfir 30. júní 2010.
- 3) Að auki ákvað framkvæmdastjórnin að víkka skuli gildissvið reglugerðar (EB) nr. 717/2007 svo að hún næði yfir veitingu smáskilaboða- og reikigagnaþjónustu innan Bandalagsins. Þau sérstöku einkenni á alþjóðlegum reikimörkuðum sem réttlættu samþykkt reglugerðar (EB) nr. 717/2007 og þær skyldur sem lagðar eru á rekstraraðila farsímaneta, í tengslum við veitingu reikitalsímaþjónustu innan Bandalagsins, eiga einnig við um veitingu smáskilaboða- og reikigagnaþjónustu innan Bandalagsins. Líkt og reikitalsímaþjónusta er smáskilaboða- og reikigagnaþjónusta ekki keypt sérstaklega á landsvísi heldur er hún einungis hluti af stærri smásöluþakka sem viðskiptavinir kaupa hjá þjónustuveitanda heimanets síns, en þar með eru samkeppnisöflum settar skorður. Á sama hátt geta stjórnvöld í hverju ríki fyrir sig, sem bera ábyrgð á að standa vörð um og stuðla að hagsmunum viðskiptavina sem nýta sér farsímaþjónustu og sem eru búsettir á yfirráðasvæði þeirra, ekki stjórnað hegðun rekstraraðila netanna sem heimsótt eru og staðsett eru í öðrum aðildarríkjum vegna þess að þjónustan, sem um ræðir, er í eðli sínu yfir landamæri.
- 4) Það ætti að vera auðveldara að leysa skipulagsvandamál tengd reikiþjónustu á raunverulegum innri markaði fyrir farsímaþjónustu, sem er ekki að fullu leyti fyrir hendi eins og sakir standa, en sem ætti að vera lokatakmark allra regluramma.
- 5) Af þeirri ástæðu ákváðu stjórnvöld í hverju ríki fyrir sig, innan evrópsks hóps eftirlitsaðila með rafrænum fjarskiptanetum og þjónustu (ERG), sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/627/EB ⁽⁴⁾, til að bregðast við samráðinu við almenning um endurskoðun reglugerðar (EB) nr. 717/2007, að fara enn og aftur þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún beiti sér á vettvangi Bandalagsins, bæði hvað varðar framlengingu gildistíma reglugerðarinnar og setningu reglna um smáskilaboða- og reikigagnaþjónustu.
- 6) Gögn um verðþróun á reikitalsímaþjónustu innan Bandalagsins frá því að reglugerð (EB) nr. 717/2007 öðlaðist gildi, þ.m.t. einkum þau sem stjórnvöld í hverju ríki fyrir sig hafa tekið saman og tilkynnt ársfjórðungslega í gegnum evrópskan hóp eftirlitsaðila, gefa ekki nógu sterklega til kynna að samkeppnin í smásölu eða heildsölu verði sjálfbær frá og með júní 2010 ef engar stjórnvaldsráðstafanir koma til. Slík gögn benda til að smásölu- og heildsöluverð leiti öll upp að mörkunum, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 717/2007, eða nálægt þeim en undir þeim mörkum er aðeins takmörkuð samkeppni.

⁽¹⁾ Álit frá 15. janúar 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB)⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 22. apríl 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 8. júní 2009⁽³⁾ Stjótið. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 32⁽⁴⁾ Stjótið. EB L 200, 30.7.2002, bls. 38

- 7) Þegar verndarreglurnar, sem gilda um reikitalsímaþjónustu í smásölu eða heilidsölu innan Bandalagsins, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 717/2007, falla úr gildi í júní 2010, eykst því umtalsvert hættan á því að skorturinn á samkeppnisþrýstingi á reikitalsíma-markaðnum og hvati rekstraraðila farsímaneta til að hámarka tekjur sínar af reikþjónustu leiði til þess að verð á reiki innan Bandalagsins, í smásölu jafnt sem heilidsölu, endurspegli ekki kostnaðinn að baki því að veita þjónustuna og stofni því markmiðum reglugerðar (EB) nr. 717/2007 í hættu. Gildistími reglugerðar (EB) nr. 717/2007 skal því lengdur um tvö ár fram yfir 30. júní 2010 til að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins með því að ábyrgjast að neytendur geti áfram verið öruggir um að verða ekki látnir borga óhóflegt verð, miðað við samkeppnishæf verð í hverju ríki fyrir sig, þegar þeir hringja eða taka á móti reikisímtali sem reglurnar eru settar um en með því móti er samkeppni gefinn nægur tími til að þróast.
- 8) Skyldurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skulu ekki raska samkeppnisstöðu milli rekstraraðila farsímaneta innan Bandalagsins og skulu ekki skapa neins konar samkeppnisforskot, sérstaklega ekki á grundvelli stærðar, tegundar reikiumferðarinnar eða heimamarkaðs þess sem veitir reikþjónustuna.
- 9) Hámarksmeðalheilidsölugjöld fyrir reikisímtöl, sem reglurnar í reglugerð (EB) nr. 717/2007 eru settar um, skulu halda áfram að lækka á framlengdum gildistíma reglugerðarinnar og endurspeglja þannig minnkandi tilkostnað, þ.m.t. lækkun á lúkningarverði símtala í farsíma í aðildarríkjunum, sem reglurnar eru settar um til að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins og jafnframt að uppfylla þau tvö markmið að uppræta óhófleg verð og veita rekstraraðilum frelsi til samkeppni og nýjunga.
- 10) Til að örva og efla sjálfbæra samkeppni meðal ólíkra veitenda reikþjónustu skulu stjórnvöld í hverju ríki fyrir sig hafa eftirlit með því hvort mismunun eigi sér stað milli stórra og lítilla þjónustuveitenda, einkum hvað varðar útreikning heilidsöluverðs.
- 11) Færa skal dagsetninguna árið 2009, þegar lækkun hámarksverðmarka fyrir reikisímtöl, sem reglurnar eru settar um á bæði heilidsölu- og smásölustigi, tekur gildi, fram frá 30. ágúst til 1. júlí, í þeim tilgangi að tryggja samræmi í innleiðingu á skyldum sem varða verðlagninguna á smáskilaboðum, sem reglurnar eru settar um og kveðið er á um í þessari reglugerð. Á þennan hátt gætu nýjar gjaldskrár komið notendum bæði reikitalsíma- og smáskilaboðþjónustu til góða á því tímabili þegar eftirspurnin eftir þessari þjónustu er hvað mest.
- 12) Þar sem gjaldtökumörk eru tilgreind í evrum skulu viðeigandi gjaldtökumörk fyrir upphafleg mörk og endurskoðuð gildi þessara marka tilgreind í viðeigandi gjaldmiðli með því að nota viðmiðunargengið sem birt er í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, á þeim dögum sem tilgreindir eru í þessari reglugerð. Ef ekkert hefur verið birt á tilgreindum dögum skulu viðeigandi viðmiðunargengi vera þau sem birtust í fyrstu *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eftir þann dag þar sem slíkt viðmiðunargengi kemur fram.
- 13) Til að fylgjast með því hvort farið sé að þeim gjaldtökumörkum í heilidsölu, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 717/2007, er höfð hliðsjón af meðalheilidsölverði milli einhverra tveggja rekstraraðila á 12 mánaða tímabili og í ljósi þessa er rétt að taka fram að tímabilið má vera styttra, t.d. þegar daginn, sem áætlað er að lækka hámarksmeðalheilidsölugjald, ber upp áður en 12 mánaða tímabilinu lýkur.
- 14) Sá háttur sumra rekstraraðila farsímaneta að gera reikninga fyrir veitingu reikisímtala í heilidsölu á grundvelli lágmarksgjaldtökutíma, sem nemur allt að 60 sekúndum, andstætt þeirri venju að rukka á sekúndu, eins og tíðkast um önnur samtengingargjöld í heilidsölu, raskar samkeppni milli þessara rekstraraðila og þeirra sem nota aðrar aðferðir við reikningagerð og grefur undan samræmdri beitingu heilidsölverðmarkanna sem tekin voru upp með reglugerð (EB) nr. 717/2007. Þar að auki felur þetta í sér viðbótargjald, sem eykur heilidsölu kostnað og hefur þannig neikvæð áhrif á verðlagningu reikitalsímaþjónustu á smásölustigi. Því skal þess krafist að rekstraraðilar farsímaneta geri reikninga fyrir símtöl, sem reglurnar eru settar um og eru veitt í heilidsölu, á sekúndugrundvelli.
- 15) Hæstu gjöld Evrópugjaldskrárinnar, bæði fyrir að hringja og taka á móti símtölum, skulu halda áfram að lækka árlega á framlengdum gildistíma reglugerðar (EB) nr. 717/2007 í samræmi við tilskildar lækkanir, sem krafist er á fyrsta gildistímabili reglugerðarinnar, til að endurspeglja áframhaldandi almennar lækkanir á farsímagjöldum innanlands og áframhaldandi lækkanir á undirliggjandi kostnaði við veitingu reikisímtala sem reglurnar eru settar um. Með þessum hætti haldast áhrif þeirrar reglugerðar órofið.
- 16) Aukinn munur milli hámarksheilidsölu- og smásölugjalda, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, skulu veita rekstraraðilum aukid svigrúm til verðsamkeppni á smásölustigi og hámarka þar með líkurnar á að til verði markaður með raunverulegri samkeppni.
- 17) Heilidsölu kostnaður sumra rekstraraðila er hærrí en annarra vegna landfræðilegra aðstæðna eða annars konar aðstæðna, t.d. ef staðhættir eru erfiðir, svæði eru strjálbýl og ef þangað streymir mikill fjöldi ferðamanna á stuttum tímabilum.

- 18) Evrópskur hópur eftirlitsaðila hefur áætlað að sá háttur rekstraraðila farsímaneta að nota lengra en einnar sekúndu gjaldtímabil, þegar gerðir eru reikningar fyrir reikiþjónustu á smásölustigi, hafi bætt 24% við dæmigerðan reikning samkvæmt Evrópugjaldskrá (Eurotariff) fyrir símtöl þar sem hringt er og 19% fyrir símtöl sem tekið er á móti. Hann lýsti því einnig yfir að þessar hækkningar séu dulin gjöld þar sem flestir neytendur geri sér ekki grein fyrir þeim. Af þeirri ástæðu mælti evrópskur hópur eftirlitsaðila með að gripið yrði til brýnna aðgerða til að bregðast við ólíkum aðferðum við reikningagerð á smásölustigi miðað við Evrópugjaldskrána.
- 19) Með reglugerð (EB) nr. 717/2007, sem kvað á um Evrópugjaldskrá innan Bandalagsins, voru settar kröfur um sameiginlega nálgun til að tryggja að reiki- viðskiptavinir verði ekki látnir greiða óhóflega fyrir reikisímtöl, sem reglurnar eru settar um, en ólíkar aðferðir við einingaskiptingu í reikningagerð rekstraraðila farsímaneta draga mjög úr áhrifum af samræmdri beitingu hennar. Þetta þýðir einnig að þrátt fyrir að reikiþjónusta innan Bandalagsins sé í eðli sínu veitt innan alls Bandalagsins og yfir landamæri tíðkast ólíkar aðferðir við reikningagerð fyrir reikisímtöl, sem reglurnar eru settar um, sem raska samkeppnisstöðu á innri markaðnum.
- 20) Því ber að taka upp sameiginlegt reglusafn varðandi einingaskiptingu Evrópugjaldskráreikninga til að efla frekar innri markaðinn og veita neytendum reikiþjónustu innan Bandalagsins almenna neytendavernd í öllu Bandalaginu.
- 21) Því er þess krafist af veitendum reikiþjónustu á smásölustigi, sem reglurnar eru settar um, að þeir geri reikninga fyrir viðskiptavinum sína á sekúndugrundvelli fyrir öll símtöl sem heyra undir Evrópugjaldskrá, sbr. þó möguleikann á því að leggja á upphafsgjald með lágmarkstíma, sem þó skal ekki vera lengri en 30 sekúndur fyrir hvert símtal úr síma. Með þessu móti geta rekstraraðilar staðið straum af eðlilegum uppsetningarkostnaði og stuðlað að sveigjanleika í samkeppni með því að bjóða upp á styttri lágmarksgjaldtökutíma. Þó eru engin rök fyrir lágmarksgjaldtökutíma í tilvikum símtala sem tekið er á móti samkvæmt Evrópugjaldskrá, þar sem undirliggjandi heildslukostnaður er skuldfærður á sekúndugrundvelli og allur sérstakur uppsetningarkostnaður fellur undir lúkingarverð símtala í farsíma.
- 22) Viðskiptavinir eiga ekki að þurfa að greiða fyrir að taka á móti talhólfsskilaboðum í heimsóttá netinu, vegna þess að þeir geta ekki ráðið lengd slíkra skilaboða. Þetta ætti að vera með fyrirvara um önnur gjöld fyrir talhólfsskilaboð sem kunna að eiga við, t.d. gjöld fyrir að hlusta á slík skilaboð.
- 23) Hvað varðar reikiþjónustu fyrir smáskilaboð hafa markaðsgögn, sem evrópskur hópur eftirlitsaðila og framkvæmdastjórnin hafa safnað síðan reglugerð (EB) nr. 717/2007 tók gildi, sýnt fram á að heildslugjöld fyrir slíka þjónustu í öllu Bandalaginu hafa almennt haldist stöðug og hafa engin merkingarþær tengsl við undirliggjandi kostnað. Á sama hátt og gildir um reikitalsímaþjónustu virðist sem samkeppni milli rekstraraðila sé ekki nægileg til að lækka heildsluverð. Smásöluverð á reikiþjónustu fyrir smáskilaboð hefur einnig almennt haldist stöðugt án sýnilegrar ástæðu, sætir hárrí álagningu og er hærra en sambærileg smáskilaboðþjónusta í hverju ríki fyrir sig.
- 24) Rétt eins og í tilvikum reikitalsímaþjónustu er umtalsverð hættu á að skylda, að því er varðar verðlagningu eina og sér, myndi ekki skila sér í lægra verði til smásölu kaupenda. Á hinn bóginn gætu aðgerðir til að lækka smásöluverð, án þess að tillit sé tekið til heildslukostnaðar í tengslum við að veita þessa þjónustu, haft áhrif á stöðu suma rekstraraðila, einkum þeirra smærri, með því að auka líkurnar á verðþvingunum.
- 25) Regluramin frá 2002 veitir ennfremur stjórnvöldum í hverju ríki fyrir sig ekki nógu góð úrræði til að ráð bót á vandamálum á sviði samkeppni sem liggja að baki háum heildslu- og smásölugjöldum í reikiþjónustu fyrir smáskilaboð sem reglurnar eru settar um þar sem reikimarkaðurinn hefur sérstaka uppbyggingu og liggur í eðli sínu yfir landamæri. Þetta þýðir að snurðulaus starfsemi innri markaðarins er ekki tryggð og því ber að bæta úr.
- 26) Evrópskur hópur eftirlitsaðila lýsti því einnig yfir, í svari sínu í samráðinu við almenning, sem framkvæmdastjórnin stóð fyrir um endurskoðun framkvæmdar reglugerðar (EB) nr. 717/2007, að hann teldi nauðsynlegt að setja reglur um reikismáskilaboðþjónustu, bæði í heild- og smásölu, til að aðlaga verð kostnaði innanlands. Hann telur að fyrirkomulag sambærilegt við það sem haft er um reikitalsímaþjónustu væri hentugt. Nánar tiltekið mælti evrópskur hópur eftirlitsaðila með því að setja þak á meðalheildsluverð sem rekstraraðili krefur annan rekstraraðila um fyrir reikismáskilaboðþjónustu og breyta kröfum Evrópugjaldskrárinnar þannig að hún feli í sér tilboð um reikismáskilaboðþjónustu sem er ekki dýrari en svo að hún fari yfir tiltekið hámarksþak.
- 27) Eftirlitsskyldur skulu lagðar á, á heildslustigi, fyrir reikiþjónustu smáskilaboða, sem reglurnar eru settar um, til þess að eðlilegri tengsl myndist milli heildslugjalda og undirliggjandi kostnaðar af veitingu þjónustunnar, og á smásölustigi til að verja hagsmuni reikiviðskiptavina.
- 28) Þessar eftirlitsskyldur skulu taka gildi eins fljótt og auðið er en samtímis veita hlutaðeigandi rekstraraðilum eðlilegan tíma til að aðlaga verð og þjónustu til að tryggja samræmi.

- 29) Skilvirkasta nálgunin og sú sem á best við í hlutfallslegu tilliti til að stýra verði fyrir reikismáskilaboðþjónustu sem reglurnar eru settar um á heilðsölustigi, er að ákvarða innan Bandalagsins hámarksgjald fyrir smáskilaboð sem send eru frá heimsóttu neti. Meðalheilðsölugjald skal gilda milli hvaða tveggja rekstraraðila sem er innan Bandalagsins á tilteknu tímabili.
- 30) Verðmörkin í heilðsölu fyrir reikismáskilaboð, sem reglurnar eru settar um, skulu fela í sér allan kostnað sem veitandi heilðsöluþjónustunnar stofnar til, að meðtöldum m.a. upphafs-, umflutnings- og óinnheimtum lúkningarkostnaði af reikismáskilaboðum á heimsóttu netinu. Því ber að banna veitendum reikijónustu fyrir smáskilaboð, sem reglurnar eru settar um, að leggja á sérstakt gjald fyrir lúkningu reikismáskilaboða í neti þeirra til að tryggja að farið sé á samræmdan hátt eftir reglunum sem settar eru með þessari reglugerð.
- 31) Skilvirkasta nálgunin og sú sem á best við í hlutfallslegu tilliti til að stýra verði fyrir reikismáskilaboð innan Bandalagsins á smásölustigi, er að gera þá kröfu til rekstraraðila farsímaneta að þeir bjóði reikiviðskiptavininum sínum að senda smáskilaboð samkvæmt Evrópugjaldskrá, en hæstu gjöld í henni mega ekki fara yfir ákveðin hámarksverðmörk. Evrópugjaldskráin fyrir smáskilaboð skal vera þannig að nægilegt svigrúm til álagningar sé fyrir rekstraraðila auk þess sem hún skal endurspeglar undirliggjandi kostnað í smásölu á trúverðugri hátt.
- 32) Þessi reglusetning skal tryggja að smásölugjöld fyrir reikismáskilaboð, sem reglurnar eru settar um, endurspegli á sanngjarnari hátt en verði hefur undirliggjandi kostnað sem felst í að veita þá þjónustu. Hámarksgjaldskrá fyrir smáskilaboð í Evrópu, sem bjóða má reikiviðskiptavininum, skal því endurspeglar eðlilega álagningu, miðað við kostnaðinn við að veita reikijónustu fyrir smáskilaboð, sem reglurnar eru settar um, samfara því að veita rekstraraðilum frelsi til samkeppni með því að greina á milli tilboða þeirra og aðlaga verðlagningu þeirra að markaðsaðstæðum og vali neytenda. Þessi reglusetningarnálgun skal ekki gilda um virðisaukandi smáskilaboðþjónustu.
- 33) Reikiviðskiptavinir eiga ekki að þurfa að greiða viðbótargjald fyrir að taka á móti reikismáskilaboðum eða talhólfsskilaboðum, sem reglurnar eru settar um, meðan þeir eru á reiki í heimsóttu neti, þar sem smásölugjaldið, sem þegar er lagt á send smáskilaboð og talhólfsskilaboð í reikijónustu kemur í stað slíks lúkningarkostnaðar.
- 34) Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð skal gilda sjálfkrafa fyrir alla reikiviðskiptavini, bæði nýja og eldri, sem ekki hafa valið eða velja ekki sérstakt reikigjald fyrir smáskilaboð eða þjónustupakka sem inniheldur reikijónustu fyrir smáskilaboð sem reglurnar eru settar um.
- 35) Til að tryggja tengingu enda á milli og rekstrarsamhæfi fyrir reikiviðskiptavini í reikijónustu fyrir smáskilaboð, sem reglurnar eru settar um, skulu stjórnvöld í hverju ríki fyrir sig grípa skjótt inn í þegar rekstraraðili jarðfarsímanets með staðfestu í einu aðildarríki kvartar yfir því við stjórnvöld í því ríki að áskrifendur hans geti ekki sent eða tekið á móti smáskilaboðum, sem reglurnar voru settar um, til eða frá áskrifendum rekstraraðila jarðfarsímaneta í öðru aðildarríki vegna þess að rekstraraðilarnir tveir hafa ekki komist að samkomulagi. Slík inngrip skulu samrýmast ákvæðum 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB frá 7. mars 2002 um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra og tilheyrandi aðstöðu (tilskipun um aðgang)⁽¹⁾ og á samræmdum grunni, og í samræmi við ákvæði 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 717/2007 og 21. gr. tilskipunar 2002/21/EB⁽²⁾.
- 36) Smáskilaboð eru stuttiskilaboð á textaformi og greinilega frábrugðin öðrum skilaboðum á borð við myndskilaboð eða tölvupóst. Til að tryggja að reglugerðin missi ekki áhrifamátt sinn og öllum markmiðum hennar verði að fullu náð skal banna hvers konar breytingar á tæknilegum færíbreytum reikismáskilaboða sem myndu gera þau frábrugðin smáskilaboðum innanlands.
- 37) Gögn sem stjórnvöld í hverju ríki fyrir sig hafa tekið saman gefa til kynna að meðalheilðsölugjöld fyrir reikigagnaþjónustu, sem rekstraraðilar heimsóttar netsins krefjast af þjónustuveitendum heimaneta reikiviðskiptavina virðist fara lækandi, enda þótt verðlag fyrir reikigagnaþjónustu sé enn hátt.
- 38) Hátt verð reikigagnaþjónustu á smásölustigi er enn áhyggjuefni og bendir til þess að enn sé ekki nægileg samkeppni á þessu þjónustusviði. Samkeppnishöft eru þó enn til staðar á smásölustigi, ólíkt því sem tíðkast um reikijónustu fyrir talsíma og smáskilaboð, þar sem reikiviðskiptavinir geta nýtt sér gagnaflutningaþjónustu eftir öðrum leiðum þegar þeir eru erlendis, t.d. með þráðlausum aðgangi að Netinu fyrir almenning, án númeratakmarkana. Á þessu stigi málsins væri því of snemmt að setja reglur um verð á smásölustigi. Að auki skal reikinettengingu aðeins komið á ef notandinn veitir samþykki sitt. Til samræmis við það skal ekkert reikiniðurhal gagna, þ.m.t. uppfærsla hugbúnaðar og móttaka tölvupósts, fara fram hafi notandinn ekki áður veitt samþykki sitt eða beðið um það, nema notandinn hafi gefið til kynna að hann kæri sig ekki um slíka vernd.
- 39) Þjónustuveitendur heimaneta skulu ekki láta reikiviðskiptavini greiða fyrir neina reikigagnaþjónustu, sem reglurnar eru settar um, nema og þar til reikiviðskiptavinurinn samþykkir að þjónustan sé veitt.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33.

- 40) Þó skal innleiða ráðstafanir til að auka gagnsæi, að því er varðar smásöluverð á reikigagnþjónustu, einkum í því skyni að komast hjá því vandamáli, sem stendur snurðulausri starfsemi innri markaðarins fyrir þrífum, að viðskiptavinir fái óvænt miklu hærri reikninga en þeir bjuggust við („reikningsáfall“), og veita reikiviðskiptavininum þau tæki sem þeir þarfnast til að fylgjast með og stjórna útgjöldum sínum til reikigagnþjónustu. Að sama skapi skal ekkert standa í vegi fyrir tilkomu forrita eða tækni sem getur komið í stað reikþjónustu eða myndað annan valkost við hana, t.d. þráðlaus netaðgangur (WiFi), talsímabjónusta á Netinu (VoIP) og spjallforrit (Instant Messaging services). Neytendur eiga að fá þessar upplýsingar til að geta þar með tekið upplýsta ákvörðun.
- 41) Einkum skulu rekstraraðilar farsímaneta veita reikiviðskiptavinum sínum persónubundnar gjaldskrár-upplýsingar um gjöld sem þessir tilteknu viðskiptavinir greiða fyrir reikigagnþjónustu í hvert sinn sem þeir byrja að nýta sér reikigagnþjónustu við komuna í annað aðildarríki. Þessar upplýsingar skulu sendar viðskiptavinum í farsíma eða önnur farsamskiptatæki með þeim hætti að sem auðveldast sé að taka á móti þeim og skilja þær.
- 42) Til að auðvelda viðskiptavinum að átta sig á fjárhagslegum afleiðingum þess að notfæra sér reikigagnþjónustu, sem reglurnar eru settar um, og til að gera þeim kleift að fylgjast með og stjórna útgjöldum sínum, skal þjónustuveitandi heimanets þeirra gefa dæmi um notkun reikigagnþjónustu, t.d. tölvupóst, myndir og að skoða vefsíður, með því að segja til um hve umfangsmikil þau eru m.t.t. gagnanotkunar.
- 43) Til að komast hjá reikningsáfallum skulu rekstraraðilar farsímaneta einnig ákvarða eitt eða fleiri hámark hvað varðar fjárhæðir og/eða magn fyrir útstandandi gjöld af reikigagnþjónustu, gefið upp í þeim gjaldmiðli sem reikningur reikiviðskiptavinarins er gerður og kynna þau öllum reikiviðskiptavinum sínum endurgjaldslaust, ásamt því að senda viðeigandi tilkynningu þegar þetta hámark nálgast. Þegar hámarkinu hefur verið náð skulu viðskiptavinir hætta að fá þessa þjónustu og vera rúkkadír fyrir hana nema þeir óski sérstaklega eftir að halda áfram að fá þessa þjónustu í samræmi við skilmála og skilyrði sem sett eru fram í tilkynningunni. Reikiviðskiptavinir skulu fá tækifæri til að velja sér eitthvert af þessum hámarkum á fjárhæðir eða magn innan hæfilegs tíma, eða velja að hafa ekki slíkt hámark. Viðskiptavinir skulu sjálfkrafa falla undir hámarkskerfi nema þeir taki annað fram.
- 44) Líta ber á þessar ráðstafanir til gagnsæis sem lágmarksvernd fyrir reikiviðskiptavinum og þær ættu ekki að koma í veg fyrir að rekstraraðilar farsímaneta bjóði viðskiptavinum sínum ýmsar aðrar leiðir til að sjá fyrir og stjórna útgjöldum sínum vegna reikigagnþjónustu. Sem dæmi má nefna að margir rekstraraðilar eru að þróa ný fastgjöld á reikilíbodum í smásölu sem heimila gagnaflutning fyrir ákveðið verð á tilgreindu tímabili upp að marki sem má teljast eðlilegt. Rekstraraðilar eru sömuleiðis að þróa kerfi sem gera reikiviðskiptavinum þeirra kleift að fylgjast með útstandandi gjöldum sínum af reikigagnþjónustu safnast upp í rauntíma. Samræmdu reglurnar skulu endurspeglar þessa þróun á innanlandsmörkuðum til að snurðulaus starfsemi innri markaðarins sé tryggð.
- 45) Heildsölugjöld á reikigagnþjónustu eru auk þess enn há, einkum þar sem rekstraraðilar annarra farsímaneta en þeirra sem viðskiptavinir kjósa almennt að skipta við leggja á há gjöld í heildsölu. Slík gjöld eru til komin vegna takmarkana á umferðarstýringu sem gera það að verkum að rekstraraðilar hafa engan hvata til að lækka fast heildsöluverð sitt einhliða, þar sem þeir munu fá umferð óháð verðinu sem sett er upp. Útkoman er að heildsöluverð verður mjög misjafn. Í sumum tilvikum er heildsöluverð fyrir reikigagnþjónustu 30 sinnum herra í farsímanetum öðrum en þeim sem viðskiptavinurinn kýs almennt að skipta við en í netinu sem hann notar helst. Þessi óhóflega háu heildsölugjöld fyrir reikigagnþjónustu leiða til umtalsverðrar röskunar á samkeppnisstöðu milli rekstraraðila farsímaneta innan Bandalagsins, sem grefur undan snurðulausri starfsemi innri markaðarins. Þau gera þjónustuveitendum heimaneta einnig erfitt um vik að spá fyrir um heildsöluverð sinn og þar með að veita viðskiptavinum sínum gagnsæa og samkeppnishæfa smásöluverðpakka. Með hliðsjón af takmarkaðri getu stjórnvalda í hverju ríki fyrir sig til að ráða bót á þessum vandamálum með skilvirkum hætti og á landsvísi skulu verðmörk á reikigagnþjónustu í heildsölu gilda. Heildsöluverðmörkin skulu sett við öryggismörk sem eru vel yfir lægsta heildsöluverði sem býðst á markaðnum til að efla samkeppnisskilyrði og skapa rými fyrir þróun aukinnar samkeppni á markaðnum, en tryggja um leið bættu starfsemi innri markaðarins til hagsbóta fyrir neytendur. Með því að uppræta óhóflega há gjöld á reikigagnþjónustu, sem í sumum tilvikum gæti enn á markaðnum, skulu þessi öryggismörk koma í veg fyrir röskun eða takmörkun á samkeppni milli rekstraraðila farsímaneta, á gildistíma reglugerðar (EB) nr. 717/2007.
- 46) Til að endurspeglar þróun á markaðnum og viðeigandi regluramma um rafræn fjarskipti er nauðsynlegt að tala um „almenn fjarskiptanet“ en ekki „almenn talsímanet“. Í þágu samkvæmni skal því breyta 5. mgr. 1. gr. tilskipunar 2002/21/EB til samræmis við það.
- 47) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að breyta reglugerð (EB) nr. 717/2007 og tilskipun 2002/21/EB til að viðhalda sameiginlegum báki reglna og þróa hann frekar, til að tryggja að notendur almennra fjarskiptaneta greiði ekki óhóflegt verð fyrir reikþjónustu innan Bandalagsins þegar þeir eru á ferðalagi innan Bandalagsins (hvort sem um ræðir símtöl, smáskilaboð eða gagnaflutning) og stuðla þannig að snurðulausri starfsemi innri markaðarins og ná jafnframt fram öflugri neytendavernd

en tryggja um leið samkeppni milli rekstraraðila farsímaneta, með öruggum, samræmdum og tímanlegum hætti og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt, vegna þess hve fyrirhugaðar aðgerðir eru umfangsmiklar og hafa mikil áhrif, að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessum markmiðum verði náð.

48) Þessari sameiginlegu nálgun skal engu að síður fram haldið í takmarkaðan tíma en í ljósi þess að framkvæmdastjórnin mun láta fara fram endurmat skal þó heimilt að framlengja hana, breyta henni eða láta annars konar reglusetningu koma í hennar stað, á grundvelli viðeigandi tillagna frá framkvæmdastjórninni,

49) Framkvæmdastjórnin skal meta hvort beiting reglugerðar (EB) nr. 717/2007, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, skili árangri í ljósi markmiða hennar og að hvaða leyti hún stuðlar að framkvæmd reglurammans og snurðulausri starfsemi innri markaðarins. Í því samhengi skal framkvæmdastjórnin taka mið af áhrifum á samkeppnisstöðu veitenda farsímafjarskiptáþjónustu af misjafnri stærð og frá ólíkum hlutum Bandalagsins, þróun, straumum og gagnsæi í verði á smásölu- og heildsölustigi, áhrifum þessara þátta á raunverulegan kostnað, að hve miklu leyti þær ályktanir sem dregnar eru í áhrifamatinu, sem fylgir þessari reglugerð, hafa verið staðfestar ásamt kostnaði rekstraraðila og áhrifum á fjárfestingarnar. Í ljósi tæknilegra framfara skal framkvæmdastjórnin einnig taka mið af framboði og gæðum þjónustu sem getur komið í stað reikþjónustu (t.d. talsímaþjónusta á Netinu (VoIP)).

50) Áður en fyrrnefnt endurmat fer fram og til að tryggja að stöðugt eftirlit sé með reikþjónustu innan Bandalagsins skal framkvæmdastjórnin láta vinna bráðabirgðaskýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, með almennri samantekt á helstu nýmælum á sviði reikþjónustu og bráðabirgðamat á því hvernig hefur miðað í þá átt að ná markmiðum reglugerðar (EB) nr. 717/2007 eins og henni er breytt með þessari reglugerð, ásamt öðrum leiðum að þessum markmiðum sem kunna að vera fyrir hendi.

51) Áður en framkvæmdastjórnin leggur fram viðeigandi tilmæli skal hún einnig láta meta hvort regluramminn um rafræn fjarskipti nái með fullnægjandi hætti yfir reglusetninguna um reikþjónustu. Hún skal meta vandlega aðrar leiðir til að ná markmiðum reglugerðar (EB) nr. 717/2007, eins og:

— að bregðast við vandamálum á heildsölustigi með því að leggja á þá skyldu að veita réttlátan og sanngjarnan aðgang án mismununar og/eða samkvæmt jöfnum, gagnkvæmum skilyrðum,

— að notast við aðferð sem miðar að því að ná verði og skilyrðum fyrir reikivíðskiptavini sem jafnast á við samkeppnishæf verð og skilyrði sem tíðkast á markaði heimsóttá netsins, þ.m.t. að viðskiptavinur hafi möguleika á að nýta sér mismunandi verð hjá ólíkum rekstraraðilum á markaði heimsóttá netsins,

— að ráða bót á vandamálum sem tengjast regluramma samkeppnislaga Bandalagsins.

Framkvæmdastjórnin skal einkum, í samræði við evrópskan hóp eftirlitsaðila á sviði rafræna fjarskipta, rannsaka og meta það samkeppnisskipulag farsímaamarkaðarins sem leiðir til verðs á reikþjónustu sem er ekki samkeppnisbært og skal hún tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um niðurstöður sínar, ásamt tillögum til úrbóta á skipulagsvandamálum farsímaamarkaða, einkum hvað varðar aðgangs- og útbreiðsluhindranir.

52) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 717/2007 og tilskipun nr. 2002/21/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 717/2007EB

Reglugerð (EB) nr. 717/2007/EB er hér með breytt sem hér segir:

1. í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 717/2007 frá 27. júní 2007 um reiki á almennum farsímanetum innan Bandalagsins“.

2. Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Með þessari reglugerð er tekin upp sameiginleg aðferð til að tryggja að notendur almennra farsímaneta á ferðalagi innan Bandalagsins borgi ekki óhóflegt verð, í samanburði við samkeppnishæf, innlend verð, fyrir reikþjónustu innan Bandalagsins þegar þeir hringja eða taka á móti símtölum í talsímaþjónustu, senda eða taka á móti smáskilaboðum og nota pakkaskipta gagnaflutningsþjónustu, og þannig stuðlað að snurðulausri starfsemi innri markaðarins og ná fram öflugri neytendavernd en tryggja um leið samkeppni milli rekstraraðila farsímaneta og viðhalda bæði hvatningu til nýsköpunar og vals neytenda.“

Í henni er mælt fyrir um reglur varðandi gjöld sem rekstraraðilum farsímaneta er heimilt að leggja á fyrir að veita reikþjónustu innan Bandalagsins fyrir símtöl og smáskilaboð í talsímabjónustu með upphaf og lúkningu innan Bandalagsins og fyrir pakkaskipta gagnaflutningabjónustu sem reikivíðskiptavinir nota þegar þeir reika á farsímaneti í öðru aðildarríki. Hún tekur bæði til gjalda milli rekstraraðila farsímaneta í heildsölu og gjalda sem þjónustuveitendur heimaneta leggja á í smásölu, þegar það á við.“

b) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Þau gjaldtökumörk, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, eru gefin upp í evrum. Þar sem gjöldin, sem ákvörðuð eru í 3. gr., 4. gr., 4. gr. a og b, og 3. og 4. mgr. 6. gr. a, eru tilgreind í öðrum gjaldmiðlum skulu upphafleg mörk, samkvæmt þessum greinum, tilgreind í þeim gjaldmiðlum, ef um er að ræða 3. og 4. gr., með því að nota viðmiðunargengið 30. júní 2007, og, ef um er að ræða 4. gr. a og 4. gr. b, eða 3. og 4. mgr. 6. gr. a, með því að nota viðmiðunargengið sem Seðlabanki Evrópu birti í *Sjómartíðindum Evrópusambandsins*.

Að því er varðar síðari lækun á þeim mörkum, sem kveðið er á um í 2. mgr. 3. gr., 2. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 6. gr. a, skulu endurskoðuðu gildin tilgreind með því að nota viðmiðunargengið sem birt er mánuði fyrir þann dag sem endurskoðuðu gildin taka gildi. Sama viðmiðunargengið skal notað til að endurskoða árlega þau gjöld, sem ákvörðuð eru með 4. gr. a, 4. gr. b og 3. mgr. 6. gr. a, þar sem þessi gjöld eru tilgreind í öðrum gjaldmiðlum en evrum.“

3. Ákvæðum 2. mgr. 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað b- til g-liðar komi eftirfarandi:

„b) „þjónustuveitandi heimanets“: fyrirtæki sem sér reikivíðskiptavinum fyrir almennri jarðfjarskiptabjónustu, annaðhvort í gegnum sitt eigið net eða sem rekstraraðili sýndarfarsímanets eða endursöluaðili,

c) „heimanet“: almennt, jarðfjarskiptanet í aðildarríki sem notað er af þjónustuveitanda heimanetsins til að bjóða reikivíðskiptavinum almenna jarðfjarskiptabjónustu,

d) „Reiki innan Bandalagsins“: notkun reikivíðskiptavinar á farsíma eða öðru tæki til að hringja eða taka á móti símtölum innan Bandalagsins, senda eða taka á móti smáskilaboðum, eða nota pakkaskipta gagnaflutningabjónustu meðan sá víðskiptavinur er í öðru aðildarríki en því þar sem heimanet hans er staðsett

með samkomulagi milli rekstraraðila heimanetsins og rekstraraðila heimsóttá netsins,

e) „reikisímtal sem reglurnar eru settar um“: símtal úr farsíma sem reikivíðskiptavinur hringir frá heimsóttu neti og lýkur á almennu fjarskiptaneti innan Bandalagsins eða er móttekið af reikivíðskiptavini með upphaf í almennu fjarskiptaneti innan Bandalagsins og lúkningu á heimsóttu neti,

f) „reikivíðskiptavinur“: víðskiptavinur veitanda almennrar jarðfjarskiptabjónustu um almennt jarðfjarskiptanet, sem staðsett er í Bandalaginu, sem hefur gert samning eða samkomulag við þjónustuveitanda sinn sem heimilar notkun farsíma eða annars tækis til að hringja eða taka á móti símtölum, senda eða taka á móti smáskilaboðum eða nota pakkaskipta gagnaflutningabjónustu í heimsóttu neti með fyrirkomulagi milli rekstraraðila heimanetsins og rekstraraðila heimsóttá netsins,

g) „heimsótt net“: almennt, jarðfjarskiptanet sem staðsett er í aðildarríki öðru en því þar sem heimanetið er og heimilar reikivíðskiptavini að hringja eða taka á móti símtölum, senda eða taka á móti smáskilaboðum eða nota pakkaskipta gagnaflutningabjónustu, með samkomulagi við rekstraraðila heimanetsins.“

b) Eftirfarandi liðir bætast við:

„h) „Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð“: gjaldskrá sem er ekki hærri en hámarksgjaldið, sem kveðið er á um í 4. gr. b og sem þjónustuveitandi heimanets getur lagt á fyrir reikismáskilaboð, sem reglurnar eru settar um, í samræmi við þá grein,

i) „Smáskilaboð“: stuttskilaboð á textaformi, sem samin eru fyrst og fremst með bókstöfum og/eða tölustöfum, sem hægt er að senda milli númera farsíma og/eða fastra síma í samræmi við númeraskipulag hvers lands,

j) „reikismáskilaboð sem reglurnar eru settar um“: smáskilaboð úr farsíma sem reikivíðskiptavinur sendir frá heimsóttu neti og lýkur á almennu fjarskiptaneti innan Bandalagsins, eða er móttekið af reikivíðskiptavini, með upphaf í almennu fjarskiptaneti innan Bandalagsins og lúkningu á heimsóttu neti,

k) „reikigagnaþjónusta sem reglurnar eru settar um“: reikiþjónusta sem heimilar reikiviðskiptavinum að nota pakkaskipta gagnaflutningsþjónustu með farsíma eða öðru farsamskiptatæki á meðan það er tengt heimsóttu neti; reikigagnaþjónusta, sem reglurnar eru settar um, tekur ekki til sendingar eða móttöku reikisímtala eða smáskilaboða, sem reglurnar eru settar um, en tekur til sendingar og móttöku myndskilaboða.“

4. Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Meðalheildsölugjaldið, sem um getur í 1. gr., skal gilda milli tveggja rekstraraðila og skal reiknað fyrir tólf mánaða tímabil, eða styttra tímabil sé skemmra þangað til hámarksmeðalheildsölugjaldið, sem kveðið er á um í þessari málsgrein, fellur úr gildi, eða þangað til þessi reglugerð fellur úr gildi. Hæsta meðalheildsölugjaldið skal lækka í 0,28 evrur 30. ágúst 2008 og í 0,26 evrur 1. júlí 2009 og skal áfram lækka í 0,22 evrur 1. júlí 2010 og 0,18 evrur 1. júlí 2011.“

b) Eftirfarandi undirgrein bætist við 3. mgr.:

„Frá og með 1. júlí 2009 skal þó meðalheildsölugjaldið, sem um getur í 1. mgr., reiknað með því að deila heildartekjum af heildsölu á reiki með heildarfjölda reikiminútna sem viðkomandi rekstraraðili setur í heildsölu reikisímtala innan Bandalagsins á viðkomandi tímabili, samantekið á sekúndugrundvelli og breytt til að taka tillit til þess að rekstraraðili heimsóttá netsins geti lagt á lágmarksgjaldtökutíma fyrir upphaf símtala úr síma, sem þó skal ekki vera lengri en 30 sekúndur.“

5. Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Smásölugjald (að frátöldum virðisaukaskatti) í Evrópugjaldskrá, sem þjónustuveitandi heimanets getur lagt á reikiviðskiptavin sinn fyrir reikisímtal, sem reglurnar eru settar um, getur verið breytilegt milli reikisímtala en skal ekki vera hærra en 0,49 evrur fyrir símtal úr síma eða 0,24 evrur fyrir símtal sem tekið er á móti. Verðþak fyrir símtöl þar sem hringt er skal lækka í 0,46 evrur og 0,43 evrur 30. ágúst 2008 og í 0,22 evrur og 0,19 evrur 1. júlí 2009 fyrir símtöl sem tekið er á móti. Verðþak fyrir símtöl þar sem hringt er skal enn fremur lækka í 0,39 evrur og 0,35 evrur, 1. júlí 2010, og í 0,15 evrur og 0,11 evrur, 1. júlí 2011, fyrir símtöl sem tekið er á móti.“

Frá og með 1. júlí 2010 skulu þjónustuveitendur heimaneta ekki leggja nein gjöld á reikiviðskiptavini sína fyrir að taka á móti talhólfsskilaboðum. Þetta skal vera með fyrirvara um önnur gjöld sem kunna að eiga við, t.d. gjöld fyrir að hlusta á slík skilaboð.

Frá og með 1. júlí 2009 skulu allir þjónustuveitendur heimaneta rúka reikiviðskiptavini sína fyrir veitingu allra reikisímtala, sem reglurnar eru settar um, sem Evrópugjaldskrá gildir um, hvort sem það er símtal sem hringt er eða tekið á móti, á sekúndugrundvelli.

Samkvæmt undanþágu frá þriðju undirgrein getur þjónustuveitandi heimanetsins lagt á lágmarksupphafsgjald fyrir tímabil sem ekki er lengra en 30 sekúndur fyrir símtöl, sem hringd eru og falla undir Evrópugjaldskrá.“

b) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Reikiviðskiptavinur getur óskað eftir því hvenær sem er eftir að ferlinu, sem kveðið er á um í 3. mgr., er lokið að skipta yfir í eða úr Evrópugjaldskrá. Öll skipti skulu framkvæmd án endurgjalds innan eins virks dags frá því að beiðnin er móttækin, endurgjaldslaus, og skulu ekki hafa í för með sér skilyrði eða takmarkanir sem lúta að öðrum þáttum áskriftarinnar, nema reikiviðskiptavinur, sem hefur gerst áskrifandi að sérstökum reikiþjónustupakka sem felur í sér fleiri en eina tegund reikiþjónustu (þ.e. talsíma- smáskilaboða- og/eða gagnaþjónustu), óskar eftir að skipta yfir í Evrópugjaldskrá, er þjónustuveitanda heimanetsins heimilt að fara fram á að viðskiptavinurinn, sem vill skipta, afsali sér fríðindum sem hann nýtur vegna annarra þátta þessa pakka. Þjónustuveitandi heimanets getur frestað slíkum skiptum þar til fyrri reikigjaldskráin hefur verið í gildi í ákveðinn lágmarkstíma sem skal ekki vera lengri en þrjú mánuðir.“

6. Eftirfarandi greinar bætist við:

„4. gr. a

Heildsölugjöld fyrir reikismáskilaboð sem reglurnar eru settar um

1. Frá og með 1. júlí 2009 skal meðalheildsölugjald, sem rekstraraðili heimsóttá nets getur lagt á rekstraraðila heimanets reikiviðskiptavinar fyrir reikismáskilaboð, sem reglurnar eru settar um og send eru frá heimsóttá netinu, ekki vera hærra en 0,04 evrur fyrir hvert smáskilaboð.

2. Meðalheildsölugjaldið, sem um getur í 1. mgr., skal gilda milli tveggja rekstraraðila og skal reiknað fyrir tólf mánaða tímabil eða styttra tímabil, sé skemmra þangað til reglugerðin fellur úr gildi.

3. Meðalheildsölugjaldið, sem um getur í 1. mgr., skal reiknað með því að deila heildarheildsölugjöldum, sem viðkomandi rekstraraðili heimsóttá netsins fær frá hverjum rekstraraðila heimanets fyrir upphaf og lúkningu reikismáskilaboða, sem reglurnar eru settar um, innan Bandalagsins á viðeigandi tímabili, með heildarfjölda smáskilaboða sem eiga upphaf hjá og eru send á vegum viðkomandi rekstraraðila heimanets á því tímabili.

4. Rekstraraðili heimsóttá netsins skal ekki leggja gjald á rekstraraðila heimanets reikivíðskiptavinar fyrir lúkningu reikismáskilaboða, sem reglurnar eru settar um og send eru reikivíðskiptavini meðan hann reikar á heimsóttá netinu, að frátöldu gjaldinu sem um getur í 1. mgr.

4. gr. b

Smásölugjöld fyrir reikismáskilaboð sem reglurnar eru settar um

1. Þjónustuveitendur heimaneta skulu sjá til þess að Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð, sem kveðið er á um í 2. mgr., sé aðgengileg öllum reikivíðskiptavinum sínum á skýran og gagnsæjan hátt. Þessi Evrópugjaldskrá skal ekki fela í sér nein áskriftargjöld eða önnur föst eða siendurtekin gjöld og hana má sameina öðrum smásölugjaldskrá, sbr. þó önnur ákvæði þessarar greinar.

2. Frá og með 1. júlí 2009 getur smásölugjald (að frátöldum virðisaukaskatti) í Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð, sem þjónustuveitandi heimanets getur lagt á reikivíðskiptavin sinn fyrir reikismáskilaboð, sem reglurnar eru settar um og sem reikivíðskiptavinurinn sendir, verið breytilegt milli reikismáskilaboða en skal ekki vera hærra en 0,11 evrur.

3. Þjónustuveitendur heimaneta skulu ekki leggja nein gjöld á reikivíðskiptavini sína fyrir að taka á móti reikismáskilaboðum sem reglurnar eru settar um.

4. Frá 1. júlí 2009 skulu þjónustuveitendur heimaneta láta Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð gilda sjálfkrafa fyrir alla reikivíðskiptavini, að undanskildum reikivíðskiptavinum sem hafa þegar sérstaklega valið tiltekna reikigjaldskrá eða pakka sem gera þeim kleift að njóta góðs af annarri gjaldskrá fyrir reikismáskilaboð, sem reglurnar eru settar um, en þeim hefði verið úthlutað hefðu þeir ekki mátt velja.

5. Frá 1. júlí 2009 skulu þjónustuveitendur heimaneta láta Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð gilda fyrir alla nýja reikivíðskiptavini sem velja ekki sérstaklega aðra gjaldskrá fyrir reikismáskilaboð eða gjaldskrápakka fyrir reikibjónustu sem felur í sér ólíkar gjaldskrár fyrir reikismáskilaboð sem reglurnar eru settar um.

6. Allir reikivíðskiptavinir geta, hvenær sem er, óskað eftir að skipta yfir í eða úr Evrópugjaldskrá. Öll skipti skulu framkvæmd endurgjaldslaust innan eins virks dags frá því að beiðnin er móttækin og skulu ekki hafa í för með sér skilyrði eða takmarkanir sem lúta að öðrum þáttum áskriftarinnar en reikibjónustu. Þjónustuveitandi heimanets getur frestað slíkum skiptum þar til fyrri reikigjaldskráin hefur verið í gildi í ákveðinn lágmarkstíma sem skal ekki vera lengri en þrjú mánuðir. Heimilt er, hvenær sem er, að sameina Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð og Evrópugjaldskrá.

7. Eigi síðar en 30. júní 2009, skulu þjónustuveitendur heimaneta tilkynna öllum reikivíðskiptavinum sínum um Evrópugjaldskrána fyrir smáskilaboð, að hún muni taka gildi í síðasta lagi 1. júlí 2009 fyrir alla reikivíðskiptavini sem ekki hafa sérstaklega valið tiltekna gjaldskrá eða pakka sem gildir um smáskilaboð, sem reglurnar eru settar um, og um rétt þeirra til skipta yfir í hana og úr henni skv. 6. mgr.

4. gr. c

Tæknilegir eiginleikar reikismáskilaboða sem reglurnar eru settar um

Hvorki þjónustuveitandi heimanets né rekstraraðili heimsóttá nets skulu breyta tæknilegum eiginleikum reikismáskilaboða, sem reglurnar eru settar um, á þann hátt að þeir verði frábrugðnir tæknilegum eiginleikum smáskilaboða sem í boði eru á innanlandsmarkaði.“

7. Ákvæði 5. gr. falli brott.

8. Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.“

Gagnsæi smásölugjalda fyrir reikismáskilaboð sem reglurnar eru settar um

1. Til að gera reikivíðskiptavini viðvart um að hann þurfi að greiða reikigjöld, þegar hann hringir eða tekur á móti símtali eða sendir smáskilaboð, skal sérhver þjónustuveitandi heimanets, þegar viðskiptavinurinn kemur til aðildarríkis annars en þess þar sem heimanet hans er, nema viðskiptavinurinn hafi tilkynnt þjónustuveitanda heimanets síns að hann þarfnist ekki þeirrar þjónustu, sjálfkrafa veita viðskiptavininum persónubundnar grunnupplýsingar um verðlagningu reikigjalda (að meðtöldum virðisaukaskatti) í gegnum skilaboðabjónustu, án óþarfa tafa og endurgjaldslaust, sem viðskiptavinurinn þarf að greiða fyrir að hringja og taka á móti símtölum eða senda smáskilaboð í aðildarríkinu sem heimsótt er.

Í þessum persónubundnu grunnupplýsingum um verðlagningu skulu koma fram þau hámarksgjöld sem viðskiptavinurinn kann að þurfa að greiða samkvæmt gjaldskrárfyrirkomulagi sínu fyrir:

- a) símtöl frá landinu, sem heimsótt er, til aðildarríkisins, þar sem heimanet hans er, og fyrir móttækin símtöl og
- b) að senda smáskilaboð, sem reglurnar eru settar um, meðan á dvöl í heimsóttá aðildarríkinu stendur.

Í þeim skal einnig koma fram símanúmerið, sem um getur í 2. mgr., þar sem hægt er að fá ítarlegri upplýsingar endurgjaldslaust ásamt upplýsingum um hvernig ná megi sambandi við neyðarþjónustu með því að hringja í samevrópska neyðarnúmerið 112 endurgjaldslaust.

Viðskiptavinur, sem hefur tilkynnt að hann þarfnist ekki sjálfvirku skilaboðabjónustunnar, skal eiga rétt á því, hvenær sem er og endurgjaldslaust, að óska eftir því að þjónustuveitandi heimanetsins veiti þjónustuna á ný.

Þjónustuveitendur skulu veita blindum eða sjónskertum viðskiptavinum persónubundnu grunnupplýsingarnar um verðlagningu sjálfkrafa og endurgjaldsلاست með símtali í talsímaþjónustu óski þeir eftir því.

2. Til viðbótar við ákvæði 1. mgr. skulu viðskiptavinir eiga rétt á því að óska eftir og fá endurgjaldsلاست og óháð staðsetningu þeirra innan Bandalagsins ítarlegri persónubundnar upplýsingar um verðlagningu reikigjalda, sem gilda í heimsóttá netinu um símtöl í talsímaþjónustu, smáskilaboð, myndskilaboð og aðra gagnafjarskiptaþjónustu með símtali í farsímaþjónustu eða með smáskilaboðum, ásamt upplýsingum um ráðstafanir til gagnsæis sem koma til framkvæmda með þessari reglugerð, með símtali í farsímaþjónustu eða með smáskilaboðum. Slík beiðni skal berast með símtali í endurgjaldsلاست númer sem þjónustuveitandi tilgreinir til notkunar í þeim tilgangi.

3. Þjónustuveitendur heimaneta skulu veita öllum notendum tæmandi upplýsingar um viðeigandi reikigjöld, einkum Evrópugjaldskrána og Evrópugjaldskrána um smáskilaboð, þegar þeir gerast áskrifendur. Þeir skulu einnig veita reikiviðskiptavinum sínum upplýsingar um breytingar á viðeigandi reikigjöldum án óþarfa tafa í hvert sinn sem breytingar verða á þessum gjöldum.

Þjónustuveitendur heimaneta skulu grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að allir reikiviðskiptavinir þeirra séu meðvitaðir um að þeim standi Evrópugjaldskráin og Evrópugjaldskráin fyrir smáskilaboð til boða. Þeir skulu einkum tilkynna öllum reikiviðskiptavinum, eigi síðar en 30. júlí 2007, um skilyrði Evrópugjaldskrárinnar og, eigi síðar en 30. júní 2009, um skilyrði vegna Evrópugjaldskrár fyrir smáskilaboð, í báðum tilvikum á skýran hátt og án mismununar. Þeir skulu senda áminningar með eðlilegu millibili þaðan í frá til allra viðskiptavina sem hafa kosið aðra gjaldskrá.“

9. Eftirfarandi grein bætist við:

„6. gr. a

Gagnsæis- og verndarráðstafanir fyrir reikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um

1. Þjónustuveitendur heimaneta skulu tryggja að reikiviðskiptavinir þeirra séu nægilega vel upplýstir, bæði áður en og eftir að samningur er gerður, um gjöldin af notkun þeirra á reikigagnaþjónustu, sem reglurnar eru settar um, og upplýsa viðskiptavini á þann hátt að þeir átti sig auðveldlega á fjárhagslegum afleiðingum slíkrar notkunar og geti fylgst með og haft stjórn á hversu miklu fé þeir verja í reikigagnaþjónustu skv. 2. og 3. mgr.

Þjónustuveitendur heimaneta skulu upplýsa viðskiptavini sína, eftir því sem við á, um hættuna á sjálfvirkri og óhaminni reikigagnatengingu og niðurrhali, áður en samningur er gerður og reglulega eftir það. Að auki skulu þjónustuveitendur heimaneta útskýra fyrir reikiviðskiptavinum sínum, á skýran og auðskildan hátt, hvernig eigi að slökkva á þessum sjálfvirku reikigagnatengingum svo að þeir komist hjá óhaminni notkun reikigagnaþjónustu.

2. Í síðasta lagi frá og með 1. júlí 2009 skulu þjónustuveitendur heimaneta senda reikiviðskiptavinum sjálfvirk skilaboð þess efnis að þeir séu að nota reikíþjónustu og veita þeim um leið persónubundnar grunnupplýsingar úr gjaldskrá um gjöld fyrir veitingu reikigagnaþjónustu, sem reglurnar eru settar um, fyrir viðkomandi reikiviðskiptavin í viðkomandi aðildarríki, nema viðskiptavinurinn hafi tilkynnt þjónustuveitanda síns heimanets að hann þarfnist ekki þessara upplýsinga.

Reikiviðskiptavinurinn skal fá slíkar persónubundnar grunnupplýsingar um gjaldskrá sendar í farsíma sinn eða annað slíkt tæki, t.d. með smáskilaboðum, tölvupósti eða sprettigluggum í tölvunni, í hvert sinn sem reikiviðskiptavinur fer inn í annað aðildarríki en það þar sem heimanet hans er og setur af stað reikigagnaþjónustu, sem reglurnar eru settar um, í fyrsta sinn í því aðildarríki. Þær skulu veittar endurgjaldsلاست á því augnabliki þegar reikiviðskiptavinurinn setur af stað reikigagnaþjónustu, sem reglurnar eru settar um, með þeim hætti að auðvelt sé að veita þeim viðtöku og skilja þær.

Viðskiptavinur, sem hefur tilkynnt þjónustuveitanda heimanets síns að hann þarfnist ekki sjálfvirku gjaldskrárupplýsinganna, skal eiga rétt á því, hvenær sem er og endurgjaldsلاست, að óska eftir því að þjónustuveitandi heimanetsins veiti þjónustuna á ný.

3. Sérhver þjónustuveitandi heimanets skal gefa öllum reikiviðskiptavinum sínum tækifæri á því, eigi síðar en 1. mars 2010, að velja sérstaklega og endurgjaldsلاست þjónustu, sem veitir upplýsingar um heildarnotkun reikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um, gefna upp í magni eða í þeim gjaldmiðli sem reikningar viðkomandi reikiviðskiptavinar eru gerðir í, og sem tryggir að heildarútgjöld viðskiptavinarins vegna reikigagnaþjónustu, sem reglurnar eru settar um, á tilteknu tímabili fari ekki yfir tiltekin fjárhæðarmörk ef afdráttarلاست samþykki hans liggur ekki fyrir.

Í þessu augnamiði skal þjónustuveitandi heimanets bjóða eina eða fleiri hámarksfjárhæð fyrir tiltekin notkunartímabil, að því gefnu að viðskiptavininum hafi fyrirfram verið tilkynnt um magnið sem samsvarar þeim. Ein af þessum hámarksfjárhæðum (sjálfvirka hámarksfjárhæðin) skal vera nærri 50 evrum, en ekki meira en það, af útistandandi gjöldum á mánaðarlegu reikningstímabili (að undanskildum virðisaukaskatti).

Einnig getur þjónustuveitandi heimanetsins sett mörk, sem miðast við uppgengið magn, að því gefnu að viðskiptavininum hafi fyrirfram verið tilkynnt um fjárupphæðirnar sem samsvara þeim. Eitt af þessum mörkum (sjálfvirka magnhámarkið) skal miðast við samsvarandi fjárupphæð sem nemur ekki meira en 50 evrum af útistandandi gjöldum á mánaðarlegu reikningstímabili (að undanskildum virðisaukaskatti).

Að auki getur þjónustuveitandi heimanets boðið sínum reikiviðskiptavinum önnur hámark sem miðast við ólíkar, þ.e. hærri eða lægri mánaðarlegar hámarksfjárhæðir.

Eigi síðar en 1. júlí 2010, skal sjálfvirka hámarkið, sem um getur í annarri og þriðju undirgrein, taka gildi fyrir alla viðskiptavini sem ekki hafa valið annað hámarkið.

Sérhver þjónustuveitandi heimanets skal einnig tryggja að viðeigandi tilkynning sé send í farsíma viðkomandi reikivíðskiptavinar eða annað slíkt tæki, t.d. með smáskilaboðum, tölvupósti eða sprettlugga í tölvunni, þegar reikigagnþjónustan er komin upp í 80% af umsömdu verð- eða magnhámarki. Viðskiptavinir skulu eiga rétt á að fara fram á að rekstraraðilar þeirra hætti að senda slíkar tilkynningar og skulu eiga rétt á að fara fram á, hvenær sem er og endurgjaldslaust, að þjónustuveitandi heimanetsins hefji að veita þjónustuna á nýjan leik.

Ef annars væri farið yfir þetta verð- eða magnhámark skal senda viðkomandi reikivíðskiptavini tilkynningu í farsíma hans eða annað slíkt tæki. Í þessari tilkynningu skal greina frá því ferli sem skal fylgja óski viðskiptavinurinn eftir að notfæra sér þjónustuna áfram með tilheyrandi kostnaði við hverja viðbótareiningu sem er notuð. Ef reikivíðskiptavinurinn bregst ekki við því sem fram kemur í tilkynningunni skal þjónustuveitandi heimanetsins tafarlaust hætta að veita viðkomandi reikivíðskiptavini reikigagnþjónustu og rukka hann fyrir hana, nema og þar til reikivíðskiptavinurinn fer fram á að þjónustunni verði haldið áfram eða hún endurnýjuð.

Hvenær sem reikivíðskiptavinur óskar eftir að fá eða hætta að fá þjónustu, sem hefur verð- eða magnhámark, eftir 1. nóvember 2010, skulu skiptin framkvæmd endurgjaldslaust innan eins virks dags frá því að beiðnin er móttækin og skulu ekki hafa í för með sér skilyrði eða takmarkanir sem lúta að öðrum þáttum áskriftarinnar.

4. Frá og með 1. júlí 2009 gildir eftirfarandi:

- a) meðalheildsölugjald sem rekstraraðili heimsóttis nets getur lagt á rekstraraðila heimanets reikivíðskiptavinar fyrir reikigagnþjónustu, sem reglurnar eru settar um, og sent er frá heimsóttá netinu, skal ekki fara yfir öryggismörk sem nema 1,00 evru á mínútu, frá og með 1. júlí 2009, 0,80 evrum frá og með 1. júlí 2010 og 0,50 evrum frá og með 1. júlí 2011 fyrir hvert megabæti af sendum gögnum; þessi öryggismörk skulu ekki leiða til röskunar eða takmörkunar á samkeppni á heildsölumarkaðnum fyrir reikigagnþjónustu samkvæmt b-lið 2. mgr. 8. gr. rammtilskipunarinnar,
- b) þetta meðalheildsölugjald skal gjalda milli tveggja rekstraraðila og skal reiknað fyrir tólf mánaða tímabil eða styttra tímabil sé skemmra þangað til reglugerðin fellur úr gildi,
- c) meðalheildsölugjaldið, sem um getur í a-lið, skal reiknað með því að deila heildarheildsölutekjum viðeigandi rekstraraðila heimsóttis netsins frá hverjum rekstraraðila heimanets fyrir veitingu reikigagnþjónustu, sem reglurnar eru settar um, á viðeigandi tímabili, með heildarfjölda megabæta af gögnum, sem eru notuð í raun á því tímabili, umreiknuðum í kílóbæti.“

10. Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Stjórnvöld í hverju ríki fyrir sig skulu sjá til þess að uppfærðar upplýsingar um beitingu þessarar reglugerðar, einkum 3. gr., 4. gr., 4. gr. a, 4. gr. b og 6. gr. a, séu fáanlegar opinberlega með þeim hætti sem gerir hagsmunaaðilum kleift að hafa greiðan aðgang að þeim.“

b) Í stað 5. mgr. komi eftirfarandi:

„5. Stjórnvöldum í hverju ríki fyrir sig er heimilt að grípa inn í, hvenær sem er, að eigin frumkvæði til að tryggja að farið sé að þessari reglugerð. Ef nauðsyn krefur skulu þau einkum nýta sér það vald sem þeim er fengið skv. 5. gr. tilskipunarinnar um aðgang til að tryggja fullnægjandi aðgang og samtengingu svo tryggja megi tengingu enda á milli og rekstrarsamhæfi reikijþjónustu, t.d. þegar áskrifendur geta ekki skipst á reikismáskilaboðum, sem reglurnar eru settar um, við áskrifendur farnets á jörðu niðri í öðru aðildarríki vegna þess að ekki hefur verið gerður samningur sem gerir kleift að senda þessi boð.“

11. Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„9. gr.“

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í eðlilegu samræmi við brotin og hafa letjandi áhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar ráðstafanir, eigi síðar en 30. mars 2008, eða, eigi síðar en 30. mars 2010, ef um ræðir þær viðbótarkröfur sem settar eru fram í 2. og 3. mgr. 3. gr., 2. og 4. mgr. 4. gr. og 4. gr. a, 4. gr. b, 4. gr. c, 6. gr., 6. gr. a og 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 544/2009 og skal tilkynna án tafar um hvers konar breytingar sem síðar verða á þeim.

(*) Stjtið. ESB L 167, 29. júní 2009, bls. 12.“

12. Í stað 11. gr. komi eftirfarandi:

„11. gr.“

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða framkvæmd þessarar reglugerðar og, að höfðu samráði við almenning, leggja skýrslu um málið fyrir Evrópuþingið og ráðið, eigi síðar en 30. júní 2011. Framkvæmdastjórnin skal einkum meta hvort markmið þessarar reglugerðar hafi náðst. Þá skal framkvæmdastjórnin m.a. taka eftirfarandi til skoðunar:

— þróun heildsölu- og smásölugjalda fyrir að veita reikivíðskiptavinum tal-, smáskilaboða- og gagnafjarskiptajþjónustu og samsvarandi þróun í

farsímaþjónustu í aðildarríkjunum, bæði hvað varðar annars vegar viðskiptavini sem greiða fyrirfram og hins vegar þá sem greiða eftirá, og þróun í gæðum og hraða þjónustunnar,

- framboð og gæði þjónustunnar, þ.m.t. sú sem gæti komið í stað reikiþjónustu (tal-, smáskilaboða- og gagnþjónusta), einkum í ljósi tæknilegra framfara,
- að hve miklu leyti neytendur hafa notið góðs af raunverulegum verðlækkunum á reikiþjónustu eða öðrum lækkunum á kostnaði af veitingu reikiþjónustu og því úrvali sem stendur neytendum með ólík sítalamyntur til boða.
- samkeppnisstig á bæði smásölu- og heildsölu-mörkuðum, einkum samkeppnisstöðu lítilla, óháðra eða nýrra rekstraraðila, þ.m.t. samkeppnisáhrif viðskiptasamninga og samtengingarstigið milli rekstraraðila.

Framkvæmdastjórnin skal einnig meta aðferðir, aðrar en verðstýringu, sem gætu nýst við að skapa virkan innri samkeppnismarkað fyrir reikiþjónustu og hafa við það hliðsjón af óháðri greiningu, framkvæmdri af hópi evrópskra eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram viðeigandi tillögur byggðar á þessu mati.

2. Að auki skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 30. júní 2010, láta vinna bráðabirgðaskýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið sem inniheldur samantekt um eftirlitið með veitingu reikiþjónustu innan Bandalagsins og mat á því hvernig hefur miðað í þá átt að ná markmiðum þessarar reglugerðar, þ.m.t. með tilvísun til þeirra vandamála sem um getur í 1. mgr.“

13. Textinn „eigi síðar en 30. ágúst 2007“ í 12. gr. falli brott.

14. Í 13. mgr. komi „2012“ í stað „2010“.

2. gr.

Breyting á tilskipun 2002/21/EB

Eftirfarandi komi í stað 5. mgr. 1. gr. tilskipunar 2002/21/EB:

„5. Þessi tilskipun og sértilskipanir skulu ekki hafa áhrif á sértækar ráðstafanir sem samþykktar eru til eftirlits með alþjóðlegu reiki í almennum fjarskiptanetum fyrir farstöðvaþjónustu innan Bandalagsins.“

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. júní 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. PÖTTERING

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

Š. FÜLE

forseti.